

Nafn: _____

1. Ég get lesið texta



Lestu textann.

Á Íslandi eru margir bændur sem eiga kindur. Þeir nefnast fjárbændur eða sauðfjárbændur. Kvendýr kindarinnar er ýmist kallað rolla, kind eða ær. Karldýrið kallast hrútur. Afkvæmi þeirra kallast lamb og er annað hvort gimbur eða lambhrútur. Gimbur er stelpa og lambhrútur er strákur. Þegar rolla fæðir lamb er sagt að hún sé að bera. Oftast ber rollan tveimur lömbum. Öll lömbin fæðast á vorin. Sá tími kallast sauðburður. Sauðburður fer fram í fjárhúsum. Við fæðingu eru lömbin mörkuð. Þá er klippt í eyra þeirra til að merkja þau svo bændur viti hver á hvaða lamb. Þegar sauðburði er lokið eru kindur og lömb rekin upp til fjalla til að bíta gras. Á haustin eru þau sótt aftur og rekin í réttir. Hárið á kindum kallast ull. Við nýtum ullina og kjötið af kindunum. Þrjónaðar eru lopapeysur, ullarskokkar og vettlingar úr hlýju ullinni. Kindur éta gras og hey. Kindur jarma.

Lestu textann aftur. Tengdu textann til hliðar við orðin í miðjunni.

2. Ég skil textann

strákur	lambhrútur	á haustin
hlý föt	gimbur	hár á kindum
þegar lömb fæðast	sauðburður	matur fyrir kindur
lamb	réttir	á vorin
stelpa	ull	lopapeysa
	gras og hey	

3. Ég get teiknað mynd

Teiknaðu eina eða tvær myndir sem tengjast efni textans.

4. Ég get skrifað málsgreinar um kindur

Lestu textann aftur. Skrifaðu allt sem þú veist um kindur og afkvæmi þeirra.

5. Réttu svarið

Merktu við öll rétt svör.

Sauðburður er:

- á vorin
- á haustin
- þegar lamb fæðist
- þegar lamb jarmar

Kvendýrið kallast:

- ær
- rolla
- hind
- kind

Afkvæmi kinda kallast:

- gimbur
- þamb
- lamb
- lambhrútur